

21. fundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi

Haldinn í Háskóla Íslands 17. janúar kl. 15.00 – 16.00

Mætt: Eiríkur Smári, Elísabet og Ásta Sif. Oddný og Anna Kristín boðuðu forföll.

Alþjóðasamstarf

Rætt var um þátttöku í alþjóðlegum ráðstefnum og samstarfi.

Margir frá HÍ ætla að taka þátt í EARMA ráðstefnunni 16.-18. apríl í Brussel og einnig allavega 2 úr stjórn Iccarma.

Boð hefur borist um eitt ókeypis pláss á iNorms ráðstefnuna sem verður haldin dagana 5. og 6. júní í Edinborg. Og munu stjórnarmenn hugsa málið hver nýtir þennan afslátt.

Á iNorms ráðstefnunni fær í fyrsta sinn einn einstaklingur viðurkenningu; **INORMS Awards for Excellence in Research Management Leadership 2018**. 18 félög tilheyra iNorms og er Félag rannsóknastjóra á Íslandi eitt af þeim. Beðið er um eina tilnefningu frá hverju félagi og var ákveðið á fundinum að senda beiðnina út til allra félagsmanna og biðja um ábendingar um einstakling, frestur verður gefinn fram í miðjan febrúar og þá tekin ákvörðun um hver verður tilnefndur frá Íslandi.

Þá sagði Ásta frá boði um þátttöku í aðalfundi CARA (kanadíska félag rannsóknastjóra) og að beiðni hefði borist frá SRA um erindi á ársfund þeirra sem haldinn verður í október í Puerto Rico (reyndar búið að aflýsa þeim fundarstað og ákveða að halda hann annars staðar).

Svar hafði borist frá Hanne, sem er lögfræðingur hjá NTU í Trondheim, um að hún væri tilbúin til að koma í heimsókn til Íslands – Félags rannsóknastjóra og HÍ í sameiningu – til að segja frá hvað væri að gerast í gerð verklagsreglna um siðfræði í Noregi, en hún hefur sérstaklega verið að vinna að þessum málum.

Ákveðið að tala við lögfræðinga HÍ um málið, þar sem það tengist mikið persónuverndarlögunum nýju og halda áfram með málið í samstarfi við þá.

Viðburður í mars

Í samstarfi við RANNIS munum við bjóða Poul Pedersen frá Kaupmannahafnarháskóla hingað í heimsókn 5. og 6. mars n.k. en hann er sérfræðingur í fjármálum og mun halda nokkra stutta fundi með þeim sem hafa áhuga.

Fjármál.

Eiríkur sagði frá því að búið væri að greiða alla reikninga síðasta árs og félagsgjaldið í EARMA og senda út reikning á RANNIS fyrir þátttöku í boði Gill Wells til Íslands. Á reikningi eru þá til tæplega 400.000.- kr. Á næstunni verða sendir út reikningar vegna félagsgjalda og þegar greiðslur vegna þeirra hafa borist ættu að vera til um 700.000.- kr. á reikningi, sem hægt verður þá að verja til að halda viðburði og fundi.

Næsti fundur verður haldinn í lok febrúar.